

Jónas Guðmundsson:

Nú stendur yfir sýning á hluta af lífsverki Ásgeirs Bjarnþórssonar, listmálara, yfirlits-sýning manns, sem hefur fengist við myndlistarstörf í 70 ár, en listamaðurinn er fæddur 1. apríl og því átt-ræður um þessar myndir, en að sögn hóf hann teikningu þegar sem barn. Hann eignaðist liti innan við tíu ára

aldur og hóf að læra myndlist þegar í æsku.

Ásgeir er fæddur á Grenjum í Mýrasýslu, sonur hjónanna Bjarnþórs Bjarnasonar bónda þar og konu hans Sesselju Soffiu Nielsdóttur. Ásgeir Bjarnþórsson segir svo frá æsku sinni og námi, eða listferli í sýningar-skrá:

Æskuár og listnám

„Ég er fæddur á Grenjum í Mýrasýslu þann 1. apríl 1899 og þar af leiðandi hangi ég í að vera 19. aldar maður.

Ég fór barn að aldri að teikna. Niels Dungal gaf mér fyrstu litkritirnar, en hann var sumargestur foreldra minna, þegar hann var barn.

Þegar ég var 10 ára gamall hættu foreldrar mínir búskap og futtu til Reykjavíkur og þá komst ég fljótt í kynni við vatns-liti.

Fyrsti teiknikennari minn var Sigríður Björnsdóttir, Jónssonar ráðhera. Þá fóru heilu tímarnir í teiknikemshu, því ég hjálpaði Sigríði við kennsluna. Næsta vetur var það Laufey Vilhjámsdóttir er kenndi mér og þegar krakkarnir fóru að kalla í mig, sagði hún „nei, Ásgeir þarf að hafa tíma eins og þú til að æfa sig.”

Þegar ég var 16 ára kenndi mér snillingurinn Ríkharður Jónsson, betri kennara hef ég aldrei haft. Hausana hans teiknaði ég frá morgni til kvölds. Stundum sagði hann við mig „breyttu þig nú ekki of mikið”, en drottinn minn, þá gat maður unnið endalaust.

Næst kenndi mér Asgrímur Jónsson hann jafnaðist hvergi á við Ríkharð, en var liðlegur kennari.

tizkuna eins og hún er í Ameríku í dag.

Góður listamaður er aldrei tizkumaður, hann er það sem Guð gefur honum inn.

Sýningar


Sá er þessar línur ritar sá fyrst mynd eftir Ásgeir Bjarnþórsson á unglingsárunum, en sú mynd hékk eða hangir ef til vill enn í Skíðaskálanum í Hveradólu, og ég undraðist tækni þess er málað hafði, þessi hönd hafði mikið vald.

Síðan hafa kynni mín af málaranum verið svipaðs eðlis, ein og ein mynd í hús, annaðhvort á einkaheimilum, í stofnunum eða á opinberum stöðum, þar sem verk hans eru höfð til reisnar og augna yndis.

Ég hef líka kynnst honum svolítið í hvassyrstum greinum í blöð og öðrum yfirlýsingum, oft talsvert hörðum, og þá sem þannig eru djarfir, tekur maður oft alvarlegar en abra menn.

Ásgeir Bjarnþórsson hélt sína fyrstu sýningu í Reykjavík, árið 1923, þá nýkominn frá München þar sem hann hafði dvalið árlangt við nám. Í umsögn um þá sýningu er meðal annars sagt að hann sé ástríðufullur og óstýrilátur málarí.

Næstu árin dvaldist Ásgeir Bjarnþórsson að mestu erlendis. Hann tók þátt í sýningu



Lífsverkið andlits-myndir

Það hefur verið hans helsta

sú krafa einstakra manna að portret séu einnig málverk og eigi að geta stabið fyrir sínu sem slík.

Ollu betur list mér á sumar la ndslagsmyndir Ásgeirs Bjarnþórssonar, og vil ég nefna myndirnar Hreðavatsvegur, Heiðmörk, Morgunn við Norðurá, Úr Grábrókarhrauni, líta mynd er nefnd er Landslag (102), Uppstilling (119) Hvalfell, Úr Grábrókarhrauni (132), Sumarnótt við Laxfoss og mynd frá Reykjavíkurhöfn (144). Þessar myndir merkti ég við á göngu minni um salinn, ef einhver varðar um það.

ÁSGEIR BJARNÞÓRSSON

Árið 1919, þegar ég varð tvítugur fór ég til Kaupmannahafnar.

Árið 1922 fór ég til Þýskalands og var um skeið í Berlín, en hélt síðan til Leipzig og Dresden og loks til München sem var minn aðal námsstaður.

Árið 1926 fór ég til Parísar og

„óháðra listamanna” í gömlu Landakotskirkjunni, Alþingishátíðarárið 1930, og árið 1932 hélt hann einkasýningu á verkum sínum í Reykjavík, en margir telja að með þeirri sýningu hafi brautin í raun og veru verið mörkuð, og þau einkenni flest komu fram, er síðan varða

viðfangsefni, að því er virðist, að mála andlitsmyndir af fólki. Mest forstjórum og finum kerlingum, líka börnum og ungum sætum stúlkum. Þeir sem eftirsóttir eru til slíkra starfa, ráða ferð sinni ekki sjálfir: fyrr á öldum hefði Ásgeir líklega málað hertoga og konungborið

Einstakar myndir

Besta myndin á sýningunni, sem málverk, fannst mér vera myndin af Friðrik Jónssyni, kaupmanni (115) og þekki ég hann eða þekkti samt ekkert og myndin af séra Bjarna er nokkuð lík því sem ég sé hann fyrir

Það er fróðlegt að skoða handbragð Ásgeirs Bjarnþórssonar. Auðvitað mun sagan dæma hann og marka lífsverki hans sinn bás. En menn með slíka hæfileika dæma sig líka sjálfir, gleymum ekki því. Ég hefði kosið mér Ásgeir Bjarnþórsson sem meira leitandi listamann, sem brautryðjandi fremur en sporgöngumann, því handanna vegna voru honum og eru allir vegir færir.

Óg við minnumst lokaörða málaraans í sýningar-skránni að listamaður er „það sem Guð gefur honum inn”.

Hvort sem menn líta á sýningu þessa sem persónusögu eða myndlistarsýningu, eða hvort tveggja í senn, hefur Ásgeir Bjarnþórsson verið köllun sinni trúur.

Jónas Guðmundsson

HELDUR YFIRLITSSÝNINGU

Luxemborgar. Seinna dvaldist ég í Róm um nokkurt skeið og er hún sannkölluð höfuðborg Vesturlanda.

Árið 1932 kom ég svo heim til Íslands, eftir að hafa dvalir að mestu erlendis um 12 ára skeið.

Ég hef haldið nokkrar sýningar bæði hér heima og erlendis. Ég hef sýnt í Kaupmannahöfn, London og Róm og að sjálfsgöngu einnig í Reykjavík.

Síðasta sýningin er ég hélt erlendis var samsýning í Kaupmannahöfn fyrir nokkrum árum. Hér heima hef ég ekki sýnt í tæp 10 ár.

Þegar ég var að byrja á listbrautinni var nýtt tizkutímabil að hefjast og ég var talinn gamaldags og ófær í alla stabi. Nú þegar ég er kominn á níræðisaldur er ég kominn í

list hans.

Yfirlitssýningu hélt hann á verkum sínum árið 1940 eða fyrir næstum því fjórum áratugum. Myndir eftir hann voru einnig á vorsýningum Myndlistarfélagins árið 1962 og 1963.

Vandvirkisleg vinnubrögð og mildir litir eru einkenni málverka Ásgeirs Bjarnþórssonar. Myndir hans eru ekki í samræmi við þær skoðanir, eða þær ályktanir sem maður dregur af því er hann segir eitthvað á opinberum vettvangi. Hann er heimur útaf fyrir sig, en mér er þó til efs að hæfileikar hans sem myndlistarmanns hefðu notið sín verr, þótt eigi hafnaði hann með öllu tfskuheimi myndlistarinnar.

fólk eins og Goya gerði.

Björn Th. Björnsson, listfræðingur, segir í Íslenskri myndlist: „Í þeim verkum bregður hann hvergi viljandi frá nákvæmri — ef nokkuð fegraðri — sviplíkingu, og hann notfærir sér fá sem engin áhrifaþröð önnur til þess að túlka skapgerðareinkenni eða viðmót þess er hann malar”

Gerð mannamynda, eða portret, er viðtækara hugtak en menn halda í fljótu bragði, portret á að gefa mynd af manni hvernig hann leit út, og það á að vera lýsing á honum í viðtækri merkingu, ef á öllu er rétt til haga haldið. Sú túlkunaradferð, sem Ásgeir velur sér, að maðurinn geymi innrætið í nákvæmum svip sínum er síður en svo út í bláinn, og breytir þar engu um

mér þegar ég loka augunum og virði hann fyrir mér. Þetta eru ágætir myndir að voru mati.

Mörgum varð starsýnt á Kjarval og þótt það sé svipmikil verk, kallar það Kjarval ekki fram eins og ég man hann, enda á öðru aldurskeiði þá er ég man hann og kalla fram.



fólk í listum